

Fundinn sátu: Jónas Guðmundsson, Guðlaug B. Guðjónsdóttir, Árni Einarsson og Hildur Helga Gísladóttir. Varastjórn: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson.
Gestur á fundinum: Guðný Káradóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samfélagsleg nýsköpun – staðan og framhald
3. Dagur frjálsra félagasamtaka 27. febrúar
4. Aðalfundur 2022
5. Erasmus - styrkumsókn
6. Önnur mál

1. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Guðný Káradóttir fór yfir stöðuna varðandi vinnu Almannaheilla við að koma á fót vettvangi fyrir samfélagslega nýsköpun. Formaður sagði frá fundum og samtölum með ýmsum aðilum um aðkomu að slíkum vettvangi, meðal annars fulltrúum Garðabæjar. Næsta skref gagnvart Garðabæ er að leggja fyrir fulltrúa bæjarins nánari hugmyndir um framhaldið.

Stjórn er sammála um að erfitt sé að vinna áfram að þessu viðamiklu verkefni án þess að hafa starfsmann sem leiðir það. Formaður hefur verið að kanna möguleika í starfsmannamálum og mun halda áfram þreifingum.

3. Rætt um dag frjálsra félagasamtaka 27. febrúar næstkomandi. Formaður vinnur að grein til þess að minna á daginn og upplýsingar um daginn verða settar inn á vefsíðu samtakanna. Aðildarfélög Almannaheilla verða einnig hvött til þess að minnast dagsins.

4. Samþykkt að halda aðalfund Almannaheilla 2. júní næstkomandi kl. 15:30. Guðlaug kannar möguleika á að halda fundinn í húsi Krabbameinsfélagsins við Skógarhlíð. Rætt um uppstillingarnefnd. Formaður ræðir við nokkra aðila um að taka sæti í henni.

5. Samþykkt að fela Stefaníu að sækja um styrk hjá Erasmus+. Umsóknarfrestur er til 23. mars næstkomandi. Sótt yrði um fjármagn til þess að efla fræðslustarf Almannaheilla. Þar á meðal að setja upp námskeið um samfélagslega nýsköpun fyrir þriðja geirann. Rætt um möguleikann á því að Einurð verði samstarfsaðili og gæti jafnvel tekið að sér stjórn verkefnisins ef styrkur fæst.

6. Rætt um ýmis fræðslu- og upplýsingaverkefni sem eru framundan. Þar á meðal fræðslunámskeið um bókhald, sem Árni og Guðlaug munu vinna nánar að, og vinnustofu um heimsmarkmiðin sem áætlað er 2. mars næstkomandi og Hildur Helga hefur umsjón með af hálfu Almannaheilla.

Fundi slitið kl. 11:05.

Fundargerð ritaði Árni Einarsson.